

Skipulagsstofnun

Landsskipulagsstefna

Sviðsmyndagreining

10. maí 2012

Efnisyfirlit

Sviðsmyndir Landsskipulagsstefnu.....	1
Tilgangur greiningar	1
Sviðsmyndagreining	1
Stefnumið fyrir miðhálandið	1
Áherslur umhverfismats fyrir miðhálandið	1
Stefnumið fyrir búsetumynstur og dreifingu byggðar	2
Áherslur umhverfismats fyrir búsetumynstur og dreifingu byggðar	2
Samantekt umhverfisáhrifa	3
Umhverfisáhrif vegna stefnumiða fyrir hálandið.....	3
1. Óbreytt stefna.....	3
2. Þjónustumiðuð uppbygging	3
3. Samræmd verndun og nýting (A)	4
4. Samræmd verndun og nýting (B).....	5
5. Verndarmiðuð nýting.....	6
Samantekt umhverfisáhrifa	6
Umhverfisáhrif vegna stefnumiða fyrir búsetumynstur og dreifingu byggðar	6
1. Óbreytt stefna.....	6
2 Stýrð þróun byggðar með svæðisbundnum áherslum	7
3. Stýrð þróun og þétting byggðar	8
Vægis Einkunn umhverfisáhrifa	9

Sviðsmyndir Landsskipulagsstefnu

Tilgangur greiningar

Tilgangur sviðsmyndagreiningar var að fá fram umræðu um og skoðanir á þeim áherslum sem mikilvægt er að taka afstöðu til við mótun landsskipulagsstefnu fyrir miðhálandið annars vegar og búsetumynstur og dreifingu byggðar hins vegar. Auk þess var tilgangur greiningarinnar að leggja mat á mögulegar afleiðingar ólíkra stefnumiða á umhverfisþættina; vatn/sjór, samfélag og byggð, landslag og ímynd, náttúra/lífriki og losun gróðurhúsalofttegunda. Þessi greiningarvinna er því mikilvæg umræða um valkosti í Landsskipulagsstefnu.

Sviðsmyndagreining

Sviðsmyndagreiningin fór fram á tveimur fundum. Fyrri fundurinn, sem var haldinn 29.3, fjallaði um miðhálandið og var sóttur af um 80 manns. Síðari fundurinn var haldinn 18.4 og fjallaði um búsetumynstur og dreifingu byggðar og var sóttur af um 30 manns.

Á greiningarfundum komu fram fjölbreytt sjónarmið um áherslur stefnumiða og mögulegar afleiðingar þeirra á umhverfisþættina. Ólíkar skoðanir komu t.d. fram um nýtingu og verndun hálandisins og stýringu byggðapróunar, og þar af leiðandi ólíkt mat á helstu afleiðingum á umhverfið.

Tekin hafa verið saman helstu sjónarmið sem fram komu á fundunum varðandi umhverfisáhrif vegna stefnu ólíkra sviðsmynda. Áhrifin eru lauslega metin fyrir hvern umhverfisþátt m.t.t. vægiseinkunna; verulega jákvæð, jákvæð, óveruleg, neikvæð eða veruleg neikvæð, auk óvissu. Byggt á umræðum á fundunum hafa verið tekin saman möguleg heildaráhrif tiltekinnar sviðsmyndar á hvern umhverfisþátt og eru þau birt í meðfylgjandi töflum.

Við mótun landsskipulagsstefnu verður tekið mið af þeim áherslum sem fram hafa komið á greiningarfundum og umhverfismati. Við mótun helstu stefnumiða landsskipulagsstefnunnar verða umhverfisáhrif metin með meiri nákvæmni og á grunni ítarlegri gagna. Þá verður gerð ítarlegri grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum, aðgerðum sem ber að skoða til að draga úr neikvæðum áhrifum og vöktun og eftirfylgni fyrir sérhvern umhverfisþátt.

Stefnumið fyrir miðhálandið

Áhersla er lögð á að vernda og viðhalda sérkennum miðhálandisins, sem felst m.a. í því að móta stórar verndarheildir og stýra umferð ferðamanna. Jafnframt er lögð áhersla á að nýta orkukosti og byggja upp samgöngunet og flutningskerfi raforku, án þess að ganga veruleg á gæði hálandisins. Heildstæð stefna um samgöngur er nauðsynleg til að auka aðgengi að hálandinu, dreifa umferð og stýra henni á ákveðin svæði. Móta þarf stefnu um þjónustu sem á að bjóða ferðamönnum á hálandinu. Byggt á henni verði ákveðið hvar skuli byggja upp gistirými og þjónustu.

Áherslur umhverfismats fyrir miðhálandið

Í matsvinnu verður lögð áhersla á möguleg áhrif uppbyggingar á landslag og ímynd hálandisins, lífríki og vistkerfi, og samfélag. Þessir umhverfisþættir eru líklegastir til að verða fyrir umfangmestu áhrifum af stefnu um hálandið, bæði jákvæð og neikvæð. Í matsvinnu verður mikilvægt að gera grein fyrir því hvort að stefna skerði sérstöðu hálandisins á einhvern hátt. Jafnframt verður áhersla lögð á að greina möguleg áhrif stefnu á samfélag og byggð.

Stefnumið fyrir búsetumynstur og dreifingu byggðar

Áhersla er lögð á að skipulag byggðar taki mið af landslagsheildum og verðmæti landbúnaðarlands. Lögð er áhersla á að horfa eigi til svæða og samstarfs sveitarfélaga við skipulag frístundabyggða og jafnframt að of mikil stýring geti dregið úr fjölbreytni og rekstrarmöguleikum í dreifbýli. Dreifð byggð er talin geta haft í för með sér lakari yfirsýn gagnvart vatnsvernd, bæði m.t.t. vatnsnotkunar og mögulegrar mengunar vatns, hafi neikvæð áhrif á lífríki og stuðli að meiri losun gróðurhúsalofttegunda.

Áherslur umhverfismats fyrir búsetumynstur og dreifingu byggðar

Í matsvinnu verður lögð áhersla á möguleg áhrif skipulags byggðar á vatn, samfélag og landslag. Gera þarf grein fyrir því hvort landskipulagsstefna stuðli að verndun vatns, verðmæts landbúnaðarlands og landslagsheilda og einnig hvort stefnan takmarki möguleika samfélaga til uppbyggingar.

Samantekt umhverfisáhrifa

Eftirfarandi er samantekt á helstu sjónarmiðum sem fram komu á fundum um sviðsmyndagreiningar.

Umhverfisáhrif vegna stefnumiða fyrir hálendið

1. Óbreytt stefna

1.1 Vatn / sjór

Það er möguleiki á því að óbreytt stefna leiði til aukinnar hættu á mengun á vatnasvæðum

1.2 Samfélag og byggð / öryggi vegna náttúruvár

Orkuvinnsla og -flutningur hefur jákvæð efnahagslega áhrif á samfélag (sveitarfélög). Óvissa um varanleika jákvæðra áhrifa. Vannýtt tækifæri til að (Neikvæð áhrif á samfélag að ráðast ekki í samgöngubætur á hálendinu og) byggja upp þjónustu og aðstöðu fyrir ferðamenn ef ekki er ráðist í samgöngubætur. Samfélagsleg og efnahagsleg áhrif. Þörf á stefnumörkun fyrir samgöngur á hálendinu.

1.3 Landslag og ásjúnd

Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuvinnslu hafa í flestum tilvikum neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Fjölgun ferðamanna án sérstakra aðgerða eða stýringar mun vegna aukins álags auka á hættu á raski á landslagi og ásjúnd svæða.

1.4 Náttúra / lífríki / vistkerfi

Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuvinnslu hafa í flestum tilvikum neikvæð áhrif í för með sér á náttúru og lífríki. Fjölgun ferðamanna án sérstakra aðgerða eða stýringar mun vegna aukins álags auka á hættu á raski á viðkvæmum svæðum á hálendinu.

1.5 Losun gróðurhúsalofttegunda

Óbreytt stefna mun að öllum líkindum ekki hafa afgerandi bein áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Hún mun aukast í samræmi við xxx. Óvíst hvort aðgerðir á hálendinu hafi afgerandi áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Óbein áhrif kunna að verða talsverð, þ.e. raforkuframleiðsla fyrir mengandi stóriðju.

2. Þjónustumiðuð uppbygging

2.1 Vatn / sjór

Nýjar virkjanir hafa áhrif á vatnasvæði. Helstu neikvæðu áhrifin felast í því ef vatn er fært á milli vatnasvæða. Aukin umferð ferðamanna og vöruflutninga kann að valda neikvæðum áhrifum á vatnasvæði/grunnvatn. Skoða þarf umfang m.t.t. staðsetningar vega og umfang og eðli flutninga s.s. olíuflutninga.

2.2 Samfélag og byggð / öryggi vegna náttúruvár

Orkuvinnsla og -flutningur hefur jákvæð efnahagslega áhrif á samfélag (sveitarfélög). Óvissa um varanleika jákvæðra áhrifa. Samfélagsleg og efnahagsleg áhrif. Aukin uppbygging á hálendinu dregur úr keypri þjónustu í þéttbýli. Mikilvægt að huga að öryggi vegfarenda um hálendið vegna færðar og veðurs.

2.3 Landslag og ásjón

Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuvinnslu, vegagerð og þjónustustöðva hafa í flestum tilvikum neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Stofnvegir fyrir vöruflutninga munu hafa verulega neikvæð áhrif á ásjón hálendis. Fjölgun ferðamanna eykur líkur á skertri ímynd hálendisins sem lítt snortins og raska landslagi. Gott samgöngukerfi dregur úr líkum á utanvegaakstri og getur hjálpað til við að stýra ferðamönnum og álagi á hálendinu.

2.4 Náttúra / lífríki / vistkerfi

Umfangsmiklar framkvæmdir hafa í flestum tilvikum neikvæð áhrif í för með sér á náttúru og lífríki. Uppbygging samgöngunets getur dregið úr álagi viðkvæmra svæða með því að dreifa betur ferðamönnum og álagi. Mikilvægt að horfa til staðarvals uppbyggingar m.t.t. vistkerfa. Neikvæð áhrif fylgja ofbeit og þarf að auka beitarstýringu.

2.5 Losun gróðurhúsalofttegunda

Óbein áhrif af virkjunum kunna að verða talsverð á losun gróðurhúsalofttegunda, þ.e. vegna aukinnar stóriðju á Íslandi og þar af leiðandi aukinnar losunnar.

3. Samræmd verndun og nýting (A)

3.1 Vatn / sjór

Nýjar virkjanir hafa áhrif á vatnasvæði. Helstu neikvæðu áhrifin felast í því ef vatn er fært á milli vatnasvæða. Aukin umferð ferðamanna og vöruflutninga kann að valda neikvæðum áhrifum á vatnasvæði/grunnvatn. Skoða þarf umfang m.t.t. staðsetningar vega og umfang og eðli flutninga s.s. olíuflutninga. Óvissa er um afleiðingar uppbyggingar gistirýma í jaðri á vatnafar.

3.2 Samfélag og byggð / öryggi vegna náttúruvár

Orkuvinnsla og -flutningur hefur jákvæð efnahagslega áhrif á samfélag (sveitarfélög). Óvissa um varanleika jákvæðra áhrifa. Kann að hafa neikvæð efnahagsleg áhrif á landshluta ef frekari virkjanakostir eru ekki nýttir. Stofnvegir um hálendið stytta flutningsleiðir fyrir fólk og vörur, sérstaklega milli suðvesturlands og norðurlands, og norðausturlands. Mögulega verða jákvæðari efnahagsáhrif fyrir þéttbýli að byggja upp gistirými í jaðri hálendisins, og unnt að bjóða upp á fjölbreyttari og dýrari þjónustu. Mikilvægt að huga að öryggi vegfarenda um hálendið vegna færðar og veðurs. Stofnvegir geta dregið úr rekstrarmöguleikum annarra samgöngumáta s.s. flugsamgangna og strandsiglinga.

3.3 Landslag og ásjón

Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuflutningum og vegagerð hafa í flestum tilvikum neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Raforkuflutningar og stofnvegir fyrir vöruflutninga munu hafa verulega neikvæð áhrif á ásjón hálendis. Fjölgun ferðamanna eykur líkur á skertri ímynd hálendisins sem lítt snortins og raska landslagi. Gott samgöngukerfi og ströng stýring dregur úr líkum á utanvegaakstri og getur hjálpað til við að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á viðkæmt land.

3.4 Náttúra / lífríki / vistkerfi

Umfangsmiklar framkvæmdir hafa í flestum tilvikum neikvæð áhrif í för með sér á náttúru og lífríki. Uppbygging samgöngunets getur dregið úr álagi viðkvæmra svæða með því að dreifa betur ferðamönnum og álagi. Mikilvægt að horfa til staðarvals uppbyggingar m.t.t. vistkerfa. Neikvæð áhrif

fylgja ofbeiti og þarf að auka beitarstýringu. Ákveðin óvissa um áhrif aukins aðgengis og fjölgunar ferðamanna á hálendinu.

3.5 Losun gróðurhúsalofttegunda

Óbein áhrif af virkjunum kunna að auka losun gróðurhúsalofttegunda, þ.e. vegna aukinnar stóriðju á Íslandi. Óvissa um losun frá samgöngum, sem getur minnkað vegna styttri flutningsvegalengda og aukist vegna aukins akstur til og frá gististöðum.

4. Samræmd verndun og nýting (B)

4.1 Vatn / sjór

Nýjar virkjanir hafa áhrif á vatnasvæði. Helstu neikvæðu áhrifin felast í því ef vatn er fært á milli vatnasvæða. Aukin umferð ferðamanna og vöruflutninga kann að valda neikvæðum áhrifum á vatnasvæði/grunnvatn. Skoða þarf umfang m.t.t. staðsetningar vega og umfang og eðli flutninga s.s. olíuflutninga. Óvissa er um afleiðingar uppbyggingar gistirýma í jaðri á vatnafar.

4.2 Samfélag og byggð / öryggi vegna náttúruvár

Orkuvinnsla og -flutningur hefur jákvæð efnahagslega áhrif á samfélag (sveitarfélög). Óvissa um varanleika jákvæðra áhrifa. Kann að hafa neikvæð efnahagsleg áhrif á landshluta ef frekari virkjanakostir eru ekki nýttir. Stofnvegir um hálendið stytta flutningsleiðir fyrir fólk og vörur, sérstaklega milli suðvesturlands og norðurlands, og norðausturlands. Mögulega verða jákvæðari efnahagsáhrif fyrir þéttbýli að byggja upp gistirými í jaðri hálendisins, og unnt að bjóða upp á fjölbreyttari og dýrari þjónustu. Mikilvægt að huga að öryggi vegfarenda um hálendið vegna færðar og veðurs. Stofnvegir geta dregið úr rekstrarmöguleikum annarra samgöngumáta s.s. flugsamgangna og strandsiglinga.

4.3 Landslag og ásynd

Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuflutningum og vegagerð hafa í flestum tilvikum neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Stofnvegir fyrir vöruflutninga munu hafa verulega neikvæð áhrif á ásynd hálendis. Fjölgun ferðamanna eykur líkur á skertri ímynd hálendisins sem lítt snortins og raska landslagi. Gott samgöngukerfi og ströng stýring dregur úr líkum á utanvegaakstri og getur hjálpað til við að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á viðkæmt land. Sú ákvörðun að megin flutningskerfi raforku fari ekki um hálendið dregur úr neikvæðum áhrifum.

4.4 Náttúra / lífríki / vistkerfi

Umfangsmiklar framkvæmdir hafa í flestum tilvikum neikvæð áhrif í för með sér á náttúru og lífríki. Uppbygging samgöngunets getur dregið úr álagi viðkvæmra svæða með því að dreifa betur ferðamönnum og álagi. Mikilvægt að horfa til staðarvals uppbyggingar m.t.t. vistkerfa. Ákveðin óvissa um áhrif aukins aðgengis og fjölgunar ferðamanna á hálendinu. Jákvæð áhrif felast í afmörkun stórra verndarheilda, sem stuðlar frekar að því að náttúran fái að þróast á eigin forsendum.

4.5 Losun gróðurhúsalofttegunda

Óbein áhrif af virkjunum kunna að auka losun gróðurhúsalofttegunda, þ.e. vegna aukinnar stóriðju á Íslandi. Óvissa um losun frá samgöngum, sem getur minnkað vegna styttri flutningsvegalengda og aukist vegna aukins akstur til og frá gististöðum.

5. Verndarmiðuð nýting

5.1 Vatn / sjór

Jákvæð áhrif felast í möguleikum að vernda heil vatnasvið/vatnasvæði. Helstu neikvæðu áhrifin felast í mengunarhættu vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Skoða þarf umfang m.t.t. staðsetningar vegna. Ekki gert ráð fyrir að vöruflutningar, þ.m.t. olúflutningar, fari um hálendið. Óvissa er um afleiðingar uppbyggingar gistirýma í jaðri á vatnafar.

5.2 Samfélag og byggð / öryggi vegna náttúruvár

Áherslubreyting á nýtingu auðlinda. Jákvæð áhrif felast í tækifærum í ferðaþjónustu sem tengjast ósnortnum svæðum. Neikvæð áhrif felast í að nýta ekki auðlindir til orkuframleiðslu, sem getur a.m.k. tímabundið falið í sér neikvæð áhrif á efnahag og atvinnustig landshluta. Stofnvegir um hálendið verða fyrst og fremst fyrir ferðamenn en verða ekki nýttir til að flytja fólk og vörur á milli suðvesturhorns og norðurlands og norðausturlands. Mögulega verða jákvæðari efnahagsáhrif fyrir þéttbýli að byggja upp gistirými í jaðri hálendisins, og unnt að bjóða upp á fjölbreyttari og dýrari þjónustu. Mikilvægt að huga að öryggi vegfarenda um hálendið vegna færðar og veðurs.

5.3 Landslag og ásýnd

Heildarfríðlýsing hefur jákvæð áhrif á landslag og ásýnd hálendisins, þ.e. að það nái að þróast í samræmi við eigin lögmál. Fríðlýsing mun styrkja eða viðhalda ímynd hálendisins (og e.t.v. Íslands). Vegagerð hefur neikvæð sjónræn áhrif í för með sér, en þau eru ekki talin veruleg. Fjölgun ferðamanna á hálendinu eykur hættu á að breyta ímynd hálendisins og raska landslagi. Gott samgöngukerfi og ströng stýring dregur úr líkum á utanvegaakstri og getur hjálpað til við að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á viðkvæmt land. Sú ákvörðun að megin flutningskerfi raforku fari ekki um hálendið hefur jákvæð áhrif, þ.e. á þann hátt að dregið er úr neikvæðum áhrifum.

5.4 Náttúra / lífríki / vistkerfi

Uppbygging samgöngunets getur dregið úr álagi viðkvæmra svæða með því að dreifa betur ferðamönnum og álagi. Mikilvægt að horfa til staðarvals uppbyggingar m.t.t. vistkerfa. Ákveðin óvissa um áhrif aukins aðgengis og fjölgunar ferðamanna á hálendinu. Jákvæð áhrif felast í afmörkun verndarheildar fyrir allt hálendið, sem stuðlar frekar að því að náttúran fái að þróast á eigin forsendum.

5.5 Losun gróðurhúsalofttegunda

Óvissa um losun frá samgöngum, sem getur minnkað vegna styttri flutningsvegalengda og aukist vegna aukins akstur til og frá gististöðum.

Samantekt umhverfisáhrifa

Umhverfisáhrif vegna stefnumiða fyrir búsetumynstur og dreifingu byggðar

1. Óbreytt stefna

1.1 Vatn/sjór

Dreifð byggð fjölgar áhættupunktum gagnvart mengun vatns og dregur úr heildarsýn og þar með skilvirkni viðbragða við mengunarslysum. Dreifð byggð kallar á fleiri vatnsból og þar með er erfiðara

að fylgjast með vatnsnotkun. Hraðara afrennsli verður frá dreifðari byggð, sem eykur hættu á mengun. Aukin ræktun getur aukið hættu á mengun vatns.

1.2 Samfélag og byggð / Öryggi vegna náttúruvár

Möguleikar á fjölbreyttri landnotkun auka rekstrarmöguleika í dreifbýli og á bújörðum. Meiri líkur á að dreifð byggð kosti meira fyrir hina sameiginlegu sjóði. Meiri áhætta er að dreifa byggð m.t.t. staðsetningar gagnvart náttúruvá og rýmingu. Taka þarf mið af því að jarðir haldist sem byggilegar einingar.

1.3 Landslag og ásýnd

Mikilvægt að skipulag byggðar taki mið af landslagsheildum. Sé lítil stýring á skipulagi frístunda- og búgarðabyggðar þá eru meiri líkur á neikvæðum áhrifum á landslag. Skógur sem fylgir oft frístundabyggð hefur einnig áhrif á landslag. Uppskipting jarða getur haft neikvæð áhrif á menningarlandslag.

1.4 Náttúra/Lífriki/Vistkerfi

Dreifðari byggð hefur almennt neikvæð áhrif á náttúru og vistkerfi. Búsvæði eru bútuð niður og verða fyrir meira álagi. Flokkun landbúnaðarlands þarf að byggja á upplýsingum um gæði þess, sem almennt eru ekki fyrirbyggjandi.

1.5 Losun gróðurhúsalofttegunda

2 Stýrð þróun byggðar með svæðisbundnum áherslum

2.1 Vatn/sjór

Stýring stuðlar að verndun grunnvatns og færri fráveitum. Auðveldari yfirsýn yfir grunnvatnsnotkun og mögulega mengun.

2.2 Samfélag og byggð / Öryggi vegna náttúruvár

Stýring getur haft jákvæð áhrif á fæðuöryggi með verndun landbúnaðarlands og á möguleika til upplifunar með viðhaldi verndarsvæða.

2.3 Landslag og ásýnd

Jákvætt að stuðla að því að landslagsheildir og landnotkunarheildir haldi sér og mikilvægt að skipulag byggðar taki mið af því.

2.4 Náttúra/lífriki/vistkerfi

Takmörkuð skerðing á búsvæðum og varðveisla landslagsheilda og vistkerfa. Grunn gögn þurfa að liggja fyrir eigi að fara fram flokkun landbúnaðarlands.

2.5 Losun gróðurhúsalofttegunda

Almenningssamgöngur og annar ferðamáti en einkabíllinn stuðlar yfirleitt að samdrætti í losun GHG. Dregur mögulega úr framræslu lands fyrir byggð eða ræktun.

3. Stýrð þróun og þétting byggðar

3.1 Vatn / sjór

Stýrð þróun og þétting byggðar stuðlar að verndun grunnvatns og markvissari stjórnun vatnsauðlindarinnar og eftirlits með henni. Stærð byggðar getur stjórnað af möguleikum til vatnsöflunar. Ólíklegt er að votlendi verði fyrir neikvæðum áhrifum.

3.2 Samfélag og byggð / Öryggi vegna náttúruvá

Óvissa er um hvort stýrð þróun og þétting byggðar hefur jákvæð áhrif gagnvart náttúruvá. Áhrif á lýðheilsu verða líklega jákvæð. Getur verið hamlandi á möguleika til rekstrar og takmarkað nýtingarmöguleika bújarða. Festir í sessi afmörkun jarða sem er ekki endilega sú besta m.t.t. landbúnaðar. Hefur líklega jákvæð áhrif á fæðuöryggi og á möguleika til náttúruupplifunar.

3.3 Landslag og ásýnd

Jákvætt að stuðla að því að landslagsheildir haldi sér með því að skipulag byggðar, skógræktar og landgræðslu taki mið af því. Jákvæð áhrif á landslag.

3.4 Náttúra/Lífriki/vistkerfi

Takmörkuð skerðing á búsvæðum og varðveisla landslagsheilda og vistkerfa. Grunn gögn þurfa að liggja fyrir eigi að fara fram flokkun landbúnaðarlands eftir verðmæti.

3.5 Losun gróðurhúsalofttegunda

Almenningssamgöngur og annar ferðamáti en einkabíllinn stuðlar yfirleitt að samdrætti í losun GHG. Dregur mögulega úr framræslu lands fyrir byggð eða ræktun.

Vægiseinkunn umhverfisáhrifa

Byggt á sjónarmiðum sem fram komu á fundunum varðandi umhverfisáhrif vegna stefnu ólíkra sviðsmynda hafa áhrifin verið lauslega metin fyrir hvern umhverfisþátt m.t.t. vægiseinkunna; verulega jákvæð, jákvæð, óveruleg, neikvæð eða veruleg neikvæð, auk óvissu. Í töflunum er að finna möguleg heildaráhrif tiltekinnar sviðsmyndar á hvern umhverfisþátt.

Tafla 1 Skýringar á hugtökum umhverfisáhrifa	
Einkunn	Skýring
Óveruleg neikvæð áhrif	<p>Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfisþáttar.</p> <p>Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítills fjölda fólks.</p> <p>Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfisþáttar</p> <p>Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.</p>
Talsverð neikvæð áhrif	<p>Breyting á einkennum umhverfisþáttar</p> <p>Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks.</p> <p>Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþáttar</p> <p>Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf</p>
Veruleg neikvæð áhrif	<p>Veruleg breyting á einkennum umhverfisþáttar</p> <p>Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikills fjölda fólks.</p> <p>Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþáttar verulega</p> <p>Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf</p>
Óveruleg jákvæð áhrif	<p>Jákvæð áhrif á einkenni umhverfisþáttar eru lítil eða engin.</p> <p>Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítills fjölda fólks.</p> <p>Áhrifin auka ekki verndargildi umhverfisþáttar.</p> <p>Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.</p>
Talsverð jákvæð áhrif	<p>Jákvæð breyting á einkennum umhverfisþáttar</p> <p>Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks.</p> <p>Áhrifin auka verndargildi umhverfisþáttar</p> <p>Áhrif framkvæmda samræmast eða ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf</p>
Veruleg jákvæð áhrif	<p>Veruleg jákvæð breyting á einkennum umhverfisþáttar</p> <p>Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikills fjölda fólks.</p> <p>Áhrif framkvæmda ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 o.s.frv.).</p> <p>Áhrifin auka verndargildi umhverfisþáttar verulega</p> <p>Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf</p>

Mat á afleiðingum sviðsmynda	Vatn / sjór	Samfélag og byggð / Öryggi vegna náttúruvár	Landslag og ásjúnd	Náttúra/Lifriki/vistkerfi	Losun gróðurhúsalofttegunda	Annað
1. Öbreytt þróun dreifingar byggðar						
Heild	Dreifð byggð fjölgar áhættupunktur gagnvart mengun vatns og dregur úr heildarsýn og þar með skilvirkni viðbragða við mengunarslysum. Dreifð byggð kallar á fleiri vatnsból og þar með er erfiðara að fylgjast með vatnsnotkun. Hraðara afrennsli verður frá dreifðari byggð, sem eykur hættu á mengun. Aukin ræktun getur aukið hættu á mengun vatns.	Möguleikar á fjölbreyttri landnotkun auka rekstrarmöguleika í dreifbýli og á bújörðum. Meiri líkur á að dreifð byggð kosti meira fyrir hina sameiginlegu sjóði. Meiri áhætta er að dreifa byggð m.t.t. staðsetningar gagnvart náttúruvá og rýmingu. Taka þarf mið af því að jarðir haldist sem byggilegar einingar.	Mikilvægt að skipulag byggðar taki mið af landslagsheildum. Sé lítil stýring á skipulagi fristunda- og búgarðabyggðar þá eru meiri líkur á neikvæðum áhrifum á landslag. Skógur sem fylgir oft fristundabyggð hefur einnig áhrif á landslag. Uppskipting jarða getur haft neikvæð áhrif á menningarlandslag.	Dreifðari byggð hefur almennt neikvæð áhrif á náttúru og vistkerfi. Búsvæði eru bútuð niður og verða fyrir meira álagi. Flokkun landbúnaðarlands þarf að byggja á upplýsingum um gæði þess, sem almennt eru ekki fyrirbyggjandi.	Dreifð byggð stuðlar almennt að neikvæðum áhrifum á losun GHG, þó meira í þéttbýli en í dreifbýli. Framræsla lands fyrir byggð eða ræktun eykur losun GHG.	Sviðsmyndin er ólíkleg m.v. gildandi skipulag. Leiðarljós LSK þarf að stuðla að samvinnu sveitarfélaga. Þörf á leiðbeinandi gögnum s.s. grafískri lýsingu af skipulagi á bújörðum með mörgum íbúðarhúsum. Sveitarfélög skortir heimildir til að stýra landnýtingu/landnotkun/uppskiptingu lands. Styrkja þarf tengsl skipulagslaga og jarðalaga - LSK getur stuðlað að því. Draga ætti fram "best practices" fyrir sveitarfélög á skipulagsþróun. Stýra má byggðþróun með hagrænum hvötum. Taka þarf tillit til utanaðkomandi áhrifa, t.d. loftslagsbreytingar, óveður, hækkandi sjávarstaða, peak oil o.s.frv. Ytri skilyrði geta breyst verulega með tilheyrandi áhrifum hér á landi. Skipulagsmálin þarf að útskýra og fræðsla er nauðsynleg.
2. Stýrð þróun byggðar með svæðisbundnum áherslum						
Heild	Stýring stuðlar að verndun grunnvatns og færri fráveitum. Auðveldari yfirsýn yfir grunnvatnsnotkun og mögulega mengun.	Stýring getur haft jákvæð áhrif á fæðuöryggi með verndun landbúnaðarlands og á möguleika til upplifunar með viðhaldi verndarsvæða.	Jákvætt að stuðla að því að landslagsheildir og landnotkunarheildir haldi sér og mikilvægt að skipulag byggðar taki mið af því.	Takmörkuð skerðing á búsvæðum og varðveisla landslagsheilda og vistkerfa. Grunnögn þurfa að liggja fyrir eigi að fara fram flokkun landbúnaðarlands.	Almenningssamgöngur og annar ferðamáti en einkabíllinn stuðlar yfirleitt að samdrætti í losun GHG. Dregur mögulega úr framræslu lands fyrir byggð eða ræktun.	Þessi sviðsmynd lýsir best öbreyttri stöðu. Svæði þurfa að skilgreina sig sem heild og mikilvægt að stefna að SSK. Sveitarstjórnir eiga erfitt með að ákveða hvar fristundabyggð verður, byggist á kröfu eigenda. Gott væri að benda á viðmið fyrir sveitarfélög til að stýra s.s. verðmæti landbúnaðarlands, gæði jarða, má gera í LSK. Menningararfurinn mikilvægur, söguminjar, örnefni, sagan öll, fornleifar, gamlar götur, þjóðsögur. Góð stefnumörkun byggir á góðum grunnögnum, vel skilgreindum hugtökum og skýrum markmiðum. LSK knýi sveitarfélög til að taka afstöðu, t.d. til mismunandi landnotkunar í dreifbýli, án forsjarhyggju. Hvetja til samstarfs yfir hreppamörk.
3. Stýrð þróun og þétting byggðar						
Heild	Stýrð þróun og þétting byggðar stuðlar að verndun grunnvatns og markvissari stjórnun vatnsauðlindarinnar og eftirlits með henni. Stærð byggðar getur stjórnast af möguleikum til vatnsöflunar. Ólíklegt er að votlendi verði fyrir neikvæðum áhrifum.	Óvissa er um hvort stýrð þróun og þétting byggðar hefur jákvæð áhrif gagnvart náttúruvá. Áhrif á lýðheilsu verða líklega jákvæð. Getur verið hamlandi á möguleika til rekstrar og takmarkað nýtingarmöguleika bújarða. Festir í sessi afmörkun jarða sem er ekki endilega sú besta m.t.t. landbúnaðar. Hefur líklega jákvæð áhrif á fæðuöryggi og á möguleika til náttúruupplifunar.	Jákvætt að stuðla að því að landslagsheildir haldi sér með því að skipulag byggðar, skógræktar og landgræðslu taki mið af því. Jákvæð áhrif á landslag	Takmörkuð skerðing á búsvæðum og varðveisla landslagsheilda og vistkerfa. Grunnögn þurfa að liggja fyrir eigi að fara fram flokkun landbúnaðarlands eftir verðmæti.	Almenningssamgöngur og annar ferðamáti en einkabíllinn stuðlar yfirleitt að samdrætti í losun GHG. Dregur mögulega úr framræslu lands fyrir byggð eða ræktun.	Þéttari byggð stuðlar að góðum almenningssamgöngum og notkun hjóla eða gangandi umferð. Hin almenna stefna ætti að vera sú að meirihluti íbúðabyggðar verði innan þéttbýlis, en mögulegt að byggja einnig utan þéttbýlis. Jörð er ekki nothæf eining og afmörkun jarða í dag getur verið gölluð m.t.t. þess hvernig hún hentar til landbúnaðar. Þetta ætti því að vera opið til endurskoðunar.

Veruleg jákvæð áhrif
Jákvæð áhrif
Óveruleg áhrif
Neikvæð áhrif
Veruleg neikvæð áhrif

Óvissa

MÍÐHÁLENDIÐ Mat á afleiðingum sviðsmynda	Vatn / sjór	Samfélag og byggð / Öryggi vegna náttúruvárs	Landslag og ásjúnd	Náttúra/Lífriki/vistkerfi	Losun gróðurhúsalofttegunda	Annað
--	-------------	--	--------------------	---------------------------	-----------------------------	-------

1. Öbreytt stefna						
Samantekt áhrifamats	Það er möguleiki á því að óbreytt stefna leiði til aukinnar hættu á megnun á vatnasvæðum	Orkuvinnsla og -flutningur hefur jákvæð efnahagslega áhrif á samfélag (sveitarfélög). Óvissa um varanleika jákvæðra áhrifa. Vannýtt tækifæri til að (Neikvæð áhrif á samfélag að ráðast ekki í samgöngubætur á hálendinu og) byggja upp þjónustu og aðstöðu fyrir ferðamenn ef ekki er ráðist í samgöngubætur. Samfélagsleg og efnahagsleg áhrif. Þörf á stefnumörkun fyrir samgöngur á hálendinu.	Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuvinnslu hafa í flestum tilvikum neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Fjölgun ferðamanna án sérstakra aðgerða eða stýringar mun vegna aukins álags auka á hættu á raski á landslagi og ásjúnd svæða.	Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuvinnslu hafa í flestum tilvikum neikvæð áhrif í för með sér á náttúru og lífríki. Fjölgun ferðamanna án sérstakra aðgerða eða stýringar mun vegna aukins álags auka á hættu á raski á viðkvæmum svæðum á hálendinu.	Óbreytt stefna mun að öllum líkindum ekki hafa afgerandi bein áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Hún mun aukast í samræmi við xxx. Óvíst hvort aðgerðir á hálendinu hafi afgerandi áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Óbein áhrif kunna að verða talsverð, þ.e. raforkuframleiðsla fyrir mengandi stóriðju.	Bæta þarf srkáníng á vatnsauðlindinni. Það á að vera stefna að hafa ávallt hreint vatn fyrir almenning. Það vantar grunnupplýsingar um náttúru/lífriki/vistkerfi á hálendinu. Orkunotkun stóriðju á Íslandi getur í mörgum tilfellum leitt til minni losunar á gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

2. Þjónustumiðuð uppbygging						
Samantekt áhrifamats	Nýjar virkjanir hafa áhrif á vatnasvæði. Helstu neikvæðu áhrifin felast í því ef vatn er fært á milli vatnasvæða. Aukin umferð ferðamanna og vöruflytninga kann að valda neikvæðum áhrifum á vatnasvæði/grunnvatn. Skoða þarf umfang m.t.t. staðsetningar vega og umfang og eðli flutninga s.s. oluflutninga.	Orkuvinnsla og -flutningur hefur jákvæð efnahagslega áhrif á samfélag (sveitarfélög). Óvissa um varanleika jákvæðra áhrifa. Samfélagsleg og efnahagsleg áhrif. Aukin uppbygging á hálendinu dregur úr keyprti þjónustu í þéttbýli. Mikilvægt að huga að öryggi vegfarenda um hálendið vegna færðar og veðurs.	Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuvinnslu, vegagerð og þjónustustöðva hafa í flestum tilvikum neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Stofnvegir fyrir vöruflytninga munu hafa verulega neikvæð áhrif á ásjúnd hálendis. Fjölgun ferðamanna eykur líkur á skertri mynd hálendisins sem lítt snortins og raska landslagi. Gott samgöngukerfi dregur úr líkum á utanvegaakstri og getur hjálpað til við að stýra ferðamönnum og álagi á hálendinu.	Umfangsmiklar framkvæmdir hafa í flestum tilvikum neikvæð áhrif í för með sér á náttúru og lífríki. Uppbygging samgöngunets getur dregið úr álagi viðkvæmra svæða með því að dreifa betur ferðamönnum og álagi. Mikilvægt að horfa til staðarvals uppbyggingar m.t.t. vistkerfa. Neikvæð áhrif fylgja ofbeiti og þarf að auka beitarstýringu.	Óbein áhrif af virkjunum kunna að verða talsverð á losun gróðurhúsalofttegunda, þ.e. vegna aukinnar stóriðju á Íslandi og þar af leiðandi aukinnar losunnar.	Auka fjárveitingar í umsjón verndarsvæða. Auka samvinnu og samskipti allra, til að ná sátt um landnýtingu hálendisins. Mikilvægt er að ljúka fyrst við uppbyggingu núverandi stofnvega áður en ráðist er í gerð stofnvega á hálendinu. Fólk þarf að fá að njóta. Þjónustusæknir ferðamenn riðja öðru útivistarfólki frá. Fjólferðamennska getur leitt til þess að ákveðnir þjóðfélagsþópar hætta að ferðast um hálendið. Þolmörkum ferðamennska verður náð. Útivist er ekki það sama og ferðþjónusta.

3. Samræmd verndun og nýting (A)						
Samantekt áhrifamats	Nýjar virkjanir hafa áhrif á vatnasvæði. Helstu neikvæðu áhrifin felast í því ef vatn er fært á milli vatnasvæða. Aukin umferð ferðamanna og vöruflytninga kann að valda neikvæðum áhrifum á vatnasvæði/grunnvatn. Skoða þarf umfang m.t.t. staðsetningar vega og umfang og eðli flutninga s.s. oluflutninga. Óvissa er um afleiðingar uppbyggingar gistirýma í jaðri á vatnafar.	Orkuvinnsla og -flutningur hefur jákvæð efnahagslega áhrif á samfélag (sveitarfélög). Óvissa um varanleika jákvæðra áhrifa. Kann að hafa neikvæð efnahagsleg áhrif á landshluta ef frekari virkjanakostir eru ekki nýttir. Stofnvegir um hálendið stytta flutningsleiðir fyrir fólk og vörur, sérstaklega milli suðvesturlands og norðurlands, og norðausturlands. Mögulega verða jákvæðari efnahagsáhrif fyrir þéttbýli að byggja upp gistirými í jaðri hálendisins, og unnt að bjóða upp á fjölbreyttari og dýrari þjónustu. Mikilvægt að huga að öryggi vegfarenda um hálendið vegna færðar og veðurs. Stofnvegir geta dregið úr rekstrarmöguleikum annarra samgöngumáta s.s. flugsamgangna og strandsiglinga.	Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuflutningum og vegagerð hafa í flestum tilvikum neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Raforkuflutningar og stofnvegir fyrir vöruflytninga munu hafa verulega neikvæð áhrif á ásjúnd hálendis. Fjölgun ferðamanna eykur líkur á skertri mynd hálendisins sem lítt snortins og raska landslagi. Gott samgöngukerfi og ströng stýring dregur úr líkum á utanvegaakstri og getur hjálpað til við að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á viðkæmt land.	Umfangsmiklar framkvæmdir hafa í flestum tilvikum neikvæð áhrif í för með sér á náttúru og lífríki. Uppbygging samgöngunets getur dregið úr álagi viðkvæmra svæða með því að dreifa betur ferðamönnum og álagi. Mikilvægt að horfa til staðarvals uppbyggingar m.t.t. vistkerfa. Neikvæð áhrif fylgja ofbeiti og þarf að auka beitarstýringu. Ákveðin óvissa um áhrif aukins aðgengis og fjölgunar ferðamanna á hálendinu.	Óbein áhrif af virkjunum kunna að auka losun gróðurhúsalofttegunda, þ.e. vegna aukinnar stóriðju á Íslandi. Óvissa um losun frá samgöngum, sem getur minnkað vegna styttri flutningsvegalengda og aukist vegna aukins akstur til og frá gististöðum.	Fjöldi verndarsvæða er ekki jafn mikilvægur og stærð svæðanna sem eru vernduð. Stærð svæðanna er mikilvæg fyrir gæði og ímynd, fleiri smærri svæði - minni gæði. Verndun má ekki vera bútasamur. Samræmd stjórn, mjög jákvæð, nauðsynleg forsenda. Skipulag og stefna. Mikilvægt. Vantar alla yfirsýn í stjórnsýslu. Verði lagðar stofnbrautir yfir hálendið, gefst færi á að leggja jarðstrengi samhliða þeim. Huga almennt að mannvirkjabelti. Byrja á því að ákveða þjónustustig ferðþjónustu (klósett/kamrar) áður en samgöngur eru ákveðnar. Bæta þjónustu áður en farið er í bætta samgöngur. Ekki "ströng" stýring heldur einfaldar skýrar reglur sem allir virða. Miða að því að bæta aðstöðu. Áhersla á móttöku ferðamanna. Mikil hætta getur fólgt í að "dreifa álagi" og opna ný svæði.

4. Samræmd verndun og nýting (B)						
Samantekt áhrifamats	Nýjar virkjanir hafa áhrif á vatnasvæði. Helstu neikvæðu áhrifin felast í því ef vatn er fært á milli vatnasvæða. Aukin umferð ferðamanna og vöruflytninga kann að valda neikvæðum áhrifum á vatnasvæði/grunnvatn. Skoða þarf umfang m.t.t. staðsetningar vega og umfang og eðli flutninga s.s. oluflutninga. Óvissa er um afleiðingar uppbyggingar gistirýma í jaðri á vatnafar.	Orkuvinnsla og -flutningur hefur jákvæð efnahagslega áhrif á samfélag (sveitarfélög). Óvissa um varanleika jákvæðra áhrifa. Kann að hafa neikvæð efnahagsleg áhrif á landshluta ef frekari virkjanakostir eru ekki nýttir. Stofnvegir um hálendið stytta flutningsleiðir fyrir fólk og vörur, sérstaklega milli suðvesturlands og norðurlands, og norðausturlands. Mögulega verða jákvæðari efnahagsáhrif fyrir þéttbýli að byggja upp gistirými í jaðri hálendisins, og unnt að bjóða upp á fjölbreyttari og dýrari þjónustu. Mikilvægt að huga að öryggi vegfarenda um hálendið vegna færðar og veðurs. Stofnvegir geta dregið úr rekstrarmöguleikum annarra samgöngumáta s.s. flugsamgangna og strandsiglinga.	Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuflutningum og vegagerð hafa í flestum tilvikum neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Stofnvegir fyrir vöruflytninga munu hafa verulega neikvæð áhrif á ásjúnd hálendis. Fjölgun ferðamanna eykur líkur á skertri mynd hálendisins sem lítt snortins og raska landslagi. Gott samgöngukerfi og ströng stýring dregur úr líkum á utanvegaakstri og getur hjálpað til við að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á viðkæmt land. Sú ákvörðun að megin flutningskerfi raforku fari ekki um hálendið dregur úr neikvæðum áhrifum.	Umfangsmiklar framkvæmdir hafa í flestum tilvikum neikvæð áhrif í för með sér á náttúru og lífríki. Uppbygging samgöngunets getur dregið úr álagi viðkvæmra svæða með því að dreifa betur ferðamönnum og álagi. Mikilvægt að horfa til staðarvals uppbyggingar m.t.t. vistkerfa. Ákveðin óvissa um áhrif aukins aðgengis og fjölgunar ferðamanna á hálendinu. Jákvæð áhrif felast í afmörkun stórra verndarheilda, sem stuðlar frekar að því að náttúran fái að þróast á eigin forsendum.	Óbein áhrif af virkjunum kunna að auka losun gróðurhúsalofttegunda, þ.e. vegna aukinnar stóriðju á Íslandi. Óvissa um losun frá samgöngum, sem getur minnkað vegna styttri flutningsvegalengda og aukist vegna aukins akstur til og frá gististöðum.	Kostir: Stjórn við ferðþjónustu. Lengri tímasýn og náttúruvernd. Kostir: Hægt að byggja upp túrisma á svipuðum forsendum og verið hefur. Gallar: Augljós nýtingarkostir ekki nýttir. Kostir: Aukið aðgengi. Gallar: Hætta á ofálagi. Áhætta í vetrarferðum vanbúinna. Getur skert ímynd óbyggða. Jákvætt að samræma áætlanir sem taka á beitarnýtingu. Beit þarf sérstaklega að stjórna á gosbeltinu, því þar eru viðkvæm svæði.

5. Verndarmiðuð nýting						
Samantekt áhrifamats	Jákvæð áhrif felast í möguleikum að vernda heil vatnasvið/vatnasvæði. Helstu neikvæðu áhrifin felast í mengunarhættu vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Skoða þarf umfang m.t.t. staðsetningar vega. Ekki gert ráð fyrir að vöruflytningar, þ.m.t. oluflutningar, fari um hálendið. Óvissa er um afleiðingar uppbyggingar gistirýma í jaðri á vatnafar.	Áherslubreyting á nýtingu auðlinda. Jákvæð áhrif felast í tækifærum í ferðþjónustu sem tengjast ósnortnum svæðum. Neikvæð áhrif felast í að nýta ekki auðlindir til orkuframleiðslu, sem getur a.m.k. tímabundið falið í sér neikvæð áhrif á efnahag og atvinnustig landshluta. Stofnvegir um hálendið verða fyrst og fremst fyrir ferðamenn en verða ekki nýttir til að flytja fólk og vörur á milli suðvesturhorn og norðurlands og norðausturlands. Mögulega verða jákvæðari efnahagsáhrif fyrir þéttbýli að byggja upp gistirými í jaðri hálendisins, og unnt að bjóða upp á fjölbreyttari og dýrari þjónustu. Mikilvægt að huga að öryggi vegfarenda um hálendið vegna færðar og veðurs.	Heildarfríðlýsing hefur jákvæð áhrif á landslag og ásjúnd hálendisins, þ.e. að það nái að þróast í samræmi við eigin lögmál. Fríðlýsing mun styrkja eða viðhalda ímynd hálendisins (og e.t.v. Íslands). Vegagerð hefur neikvæð sjónræn áhrif í för með sér, en þau eru ekki talin veruleg. Fjölgun ferðamanna á hálendinu eykur hættu á að breyta ímynd hálendisins og raska landslagi. Gott samgöngukerfi og ströng stýring dregur úr líkum á utanvegaakstri og getur hjálpað til við að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á viðkæmt land. Sú ákvörðun að megin flutningskerfi raforku fari ekki um hálendið hefur jákvæð áhrif, þ.e. á þann hátt að dregið er úr neikvæðum áhrifum.	Uppbygging samgöngunets getur dregið úr álagi viðkvæmra svæða með því að dreifa betur ferðamönnum og álagi. Mikilvægt að horfa til staðarvals uppbyggingar m.t.t. vistkerfa. Ákveðin óvissa um áhrif aukins aðgengis og fjölgunar ferðamanna á hálendinu. Jákvæð áhrif felast í afmörkun verndarheilda fyrir allt hálendið, sem stuðlar frekar að því að náttúran fái að þróast á eigin forsendum.	Óvissa um losun frá samgöngum, sem getur minnkað vegna styttri flutningsvegalengda og aukist vegna aukins akstur til og frá gististöðum.	Gæti verið tækifæri fyrir ferðþjónustu að setja skorður í uppbyggingu. Það ætti frekar að lita til stefnu miðhálendisins þar sem kama allir hagsmunaaðilar að. Eðlilegt að takmarka aðgengi ferðamanna á álagstímum og ákveðnum svæðum. Uppbygging gistirýma ætti að vera á jaðarsvæðum, en einnig að heimila uppbyggingu skálasvæða. Fráleitt að banna beit þegar liggur fyrir landnýtingaráætlun og beitarvottun á svæðum. Beitarstýringu þarf, en verður ekki að vera miðlæg fyrir allt miðhálendið. Það getur verið þjóðhagslega óhagkvæmt að loka miðhálendinu fyrir orkuflutningum.

Veruleg jákvæð áhrif
Jákvæð áhrif
Óveruleg áhrif
Neikvæð áhrif
Veruleg neikvæð áhrif
Óvissa